



# UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM AFMÖRKUN Á KERFISLEGA MIKILVÆGU  
FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI Á ALPJÓÐAVÍSU



# UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM INNLEIÐINGU REGLUGERÐA  
VARÐANDI AFMÖRKUN Á KERFISLEGA MIKILVÆGU  
FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI Á ALPJÓÐAVÍSU

2021 nr. 15

## Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 15. september nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlits), [www.fme.is](http://www.fme.is).

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að reglum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á framangreindri vefsíðu með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [skjalasafn@sedlabanki.is](mailto:skjalasafn@sedlabanki.is).

## REGLUR

### um innleiðingu reglugerða varðandi afmörkun á kerfislega mikilvægu fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um greiningu og afmörkun á fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sem kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu.

#### 2. gr.

##### *Aðferðafræði við að greina og afmarka kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu.*

Um greiningu og afmörkun Seðlabanka Íslands á kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum á alþjóðavísu og röðun þeirra í flokka eftir kerfislegu mikilvægi fer eftir framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1222/2014, með síðari breytingum, sbr. 3. gr.

#### 3. gr.

##### *Innleiðing reglugerða.*

Með reglum þessum öðlast eftirtaldar reglugerðir gildi hér á landi:

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1222/2014 frá 8. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til nánari útskýringar á aðferðafræðinni við að greina kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og til skilgreiningar á undirflokkum kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 71. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 69 frá 29. október 2020, bls. 72-81.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1608 frá 17. maí 2016 um breytingar á framseldri reglugerð (ESB) nr. 1222/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til nánari útskýringar á aðferðafræðinni við að greina kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og til skilgreiningar á undirflokkum kerfislegra stofnana á alþjóðavísu, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 77. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 69 frá 29. október 2020, bls. 106-108.

#### 4. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í i-lið 3. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, öðlast þegar gildi.